

## Formáli ritstjóra

Það er ólíklegt að margi hafi órað fyrir því í aðdraganda jóla fyrir ári síðan að enn værum við að glíma við heimsfaraldur og það í miklum vexti, nú ári síðar. Enn á ný hefur óvissan um þróun faraldursins náð yfirhöndinni og ólíklegt er að jólahald verði með hefðbundnum hætti annað árið í röð. Hvað svo sem verður þá er víst að reynsla síðustu ára mun fylgja okkur inn í framtíðina. Það er margt sem við getum lært af þessari reynslu, bæði sem einstaklingar og sem samfélag, ekki síst um hverfuleika lífsins og það hversu fjarri við erum frá því að hafa fullkomna stjórn á lífinu og framvindu þess.

Á meðan heimsfaraldur hefur áhrif á svo margt í umhverfi okkar er mikilvægt að það sem ekki lýtur lögmálum faraldursins geti haft sinn vanagang. Þess vegna er það mér mikið ánægjuefni að fá að fylgja eftir útgáfu síðara heftis *Ritráðar Guðfræðistofnunar* sem kemur út eins og ráð var fyrir gert. Í heftinu eru sex greinar og tveir ritdómar, sá fyrri eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson og sá síðari eftir Sólveigu Önnu Bóasdóttur.

Fyrsta greinin í þessu hefti er eftir Ásdísi Björgu Káradóttur, hjúkrunarfræðing og ritlistar-nema við Háskóla Íslands. Greinin, sem ber yfirskriftina „Klisjur og krabbamein: Orðræða um sjúkdóm“, fjallar um þróun orðræðu í tengslum við krabbamein. Það er niðurstaða höfundar að það skipti máli hvernig talað er um sjúkdóminn og hvaða líkingar eru notaðar til að tjá reynslu þeirra sem greinast með krabbamein og leit þeirra að merkingu og tilgangi í nýjum aðstæðum.

Næsta grein, sem er grein Gunnlaugs A. Jónssonar, prófessors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, kallast að einhverju leyti á við grein Ásdísar, en viðfangsefni Gunnlaugs eru fyrstu sjö versin í 43. kafla Jesaja spámanns. Gunnlaugur les textann „í ljósi exodus-stefja og viðbragða huggunarspámannsins nafnlausu við áfallastreitu útlaganna í Babýlon“. Gunnlaugur fetar hér í fótspor ritskýrenda sem hafa farið nýjar leiðir í nálgun sinni og leita í smiðju nútímasálarfræðinnar og kenninga hennar um áfallastreituröskun við greiningu sína á textum Gamla testamentisins. Hér er um áhugaverða nálgun á þessum fornu textum að ræða sem hefur það að markmiði að veita nýja innsýn inn í þær aðstæður sem segir frá í umræddum textum í spádómsbók Jesaja.

Í þriðju og síðustu grein Hjalta Hugasonar, prófessors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, um nýbreytni í greftrunarsíðum Íslendinga á nítjándu og tuttugustu öld, er fengist við ýmsa þætti sem lúta að fagurfræði heimagrafreitanna. Í grein sinni fjallar Hjalti m.a. um það hvernig heimagrafreitunum var valinn staður og hvernig girðingum umhverfis þá var háttað. Þá gerir hann einnig grein fyrir rannsóknum sínum á því hvaða áhrif heimagrafreitirnir höfðu á útfararathöfnina. Niðurstöður Hjalta sýna að almennt hefur verið vandað til staðarvalsins. Hvað athafnirnar áhrærir, fluttust útfarirnar að einhverju leyti heim á bæina, þá sér í lagi fyrst eftir að farið var að jarða í heimagrafreitum. Þó að langt sé síðan lagt var bann við upptöku nýrra grafreita bendir Hjalti á að ennþá sé jarðað í heimagrafreitum og telur Hjalti líklegt að sums staðar muni siðurinn haldast enn um sinn.

Í grein sinni „„Mentor, hvernig skal eg þá ganga til hans ... ?“ Starfsmenntun, starfsþjálfun og starfstengd leiðsögn prests- og djáknaefna“ gerir Sigríður Guðmarsdóttir, lektor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, þverfaglega starfstengda leiðsögn að umræðuefni, með áherslu á skipulag starfsmenntunar í íslensku kirkjunni og ber saman við það skipulag sem viðgengst í norsku kirkjunni. Þær spurningar sem liggja til grundvallar umfjölluninni í greininni og snúa að faglegum forsendum starfstengdrar leiðsagnar prests- og djáknaefna eru m.a. hvernig leiðsögnin hefur þróast og hvað sé mikilvægast að leggja áherslu á við leiðsögn verðandi presta og djákna til sjálfsákvörðunar, seiglu, þekkingar á starfinu og faglegrar sjálfsmýndar? Auk þess er spurt um það hver mennti mentorinn. Þannig liggur áhersla Sigríðar ekki á því hvað eigi að kenna í starfsmenntun prests- og djáknaefna, heldur hvernig það er gert.

Grein Steinunnar Kristjánsdóttur, prófessors við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, ber yfirskriftina „Lokun íslensku miðaldaklaustranna“. Í greininni leitast Steinunn við að draga upp heildarmynd af endalokum íslensku miðaldaklaustranna en einnig gerir hún grein fyrir því með hvaða hætti lokunin átti sér stað í hverju tilviki fyrir sig, hvenær hverju klaustri var lokað og hvers vegna. Steinunn leitar fanga í rituðum heimildum en einnig í niðurstöðum úr fornleifauppgreftri á rústum Skriðuklausturs. Rannsóknir Steinunnar hafa m.a. leitt í ljós að í engu tilfelli var klaustrum lokað vegna áfalla eða hamfara en að vöxtur og viðgangur klaustranna hafi, að því er virðist, verið undir kirkjulegum yfirvöldum kominn hverju sinni. Í greininni er sýnt fram á að lokun klaustranna hafi samt sem áður borið að með ólíkum hætti eftir klaustrum.

Síðasta greinin í þessu hefti er skrifuð af Svavari Hrafni Svavarssyni, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Yfirskrift greinarinnar er „Hamingjan og heimspekin: Stóuspeki í samtímanum“. Í greininni er fjallað um dyggðasiðfræði hinna fornu stóumanna og birtingarmyndir hennar í samtímanum. Þá er gerður samanburður annars vegar á dyggðasiðfræði stóumanna og hins vegar á dyggðasiðfræði sem á rætur að rekja til Aristótelesar. Í fyrsta lagi er það niðurstaða Svavars að ýmislegt bendi til að skilningur Aristótelesar á manninum sem siðferðisveru liggi til grundvallar aristótelískri siðfræði nútímans en sýn hinna fornu stóumanna á manninn sem siðferðisveru og stöðu hans í heiminum sé aftur á móti nokkuð breytt hjá þeim sem aðhyllast stóíska nútímasiðfræði. Í öðru lagi segir Svavar ýmislegt benda til þess að helsta aðdráttarafl stóuspeki nútímans sé fyrirheit um hugarró, fremur en áhersla á siðferðilega ígrundun.

Ég óska lesendum gleðilegrar jólahátíðar.

*Arnfríður Guðmundsdóttir*